

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Minningarsjóð Magnúsar Ólafssonar, ljósmyndara.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Magnúsar Ólafssonar, ljósmyndara. Magnús Ólafsson var fæddur 10. maí 1862 og lést 26. júlí 1937.

### 2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja ljósmyndun á Íslandi sem listgrein.

### 3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

### 4. gr.

Stofnfé er 3.800.000 krónur og er gjöf erfingja Magnúsar Ólafssonar, skv. gjafabréfi dags. í apríl 2000.

### 5. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Ljósmyndasafn Reykjavíkur sér um bókhald sjóðsins og ber ábyrgð á vörslu fjármuna hans. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af lög-giltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, einn tilnefndur af erfingjum Magnúsar Ólafssonar, einn af stjórn Ljósmyndarafélags Íslands og einn af Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Tilnefningar skulu gilda í tvö ár í senn, í fyrsta sinn til ársloka 2007. Sá aðili sem tilnefndur er af Ljósmyndasafni Reykjavíkur gegnir formennsku stjórnar sjóðsins.

Stjórn sjóðsins tilnefnir endurskoðanda.

### 7. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Arður, þar með taldir vextir af eignum sjóðsins.
2. Gjafir, áheit og önnur framlög sjóðnum til styrktar.
3. Ágóði af útgáfu bókar um Magnús Ólafsson.
4. Aðrar tekjur en að ofan eru nefndar.

### 8. gr.

Ávaxta skal stofnfé (sbr. 4. gr.) sem tryggilegast og arðvænlegast. Ekki er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins. Verði afgangur af tekjum ársins má ráðstafa honum á næsta ári, annars leggst hann við stofnfé sjóðsins.

### 9. gr.

Í samræmi við markmið sjóðsins skulu annað hvert ár veittir styrkir til einstaklinga, félagasamtaka eða annarra aðila. Stjórn sjóðsins getur fallið frá árlegri úthlutun með tilvísan til efnahags sjóðsins.

10. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki í febrúarmánuði. Stjórn sjóðsins skal annast styrkveitingar úr sjóðnum.

11. gr.

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórn sjóðsins senda Ríkisendurskoðun endurskoðaðan reikning sjóðsins fyrir liðið ár, ásamt skýrslu um ráðstöfun fjár hans sama ár.

12. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri sjóðsins skulu samþykktar af öllum stjórnarmönnum. Verði sjóðurinn lagður niður skal verja eignum hans í þágu varðveislu á myndasafni Magnúsar Ólafssonar. Séu fleiri en ein stofnun sem varðveita myndasöfn Magnúsar Ólafssonar skiptast eignir hans jafnt á milli stofnana.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. júlí 2005.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*